

# RAMMASAMNINGUR UM KAUP Á GISTINGU OG HÓTELÞJÓNUSTU

milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og rekstaraðila gististaða á höfuðborgarsvæðinu (hér eftir nefndir verksalar), sem gerst hafa aðilar að samningi þessum.

## 1. gr.

### Gildissvið og aðild

Samningur þessi er gerður á grundvelli laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar og tekur til kaupa á gistingu og hótelpjónustu á höfuðborgarsvæðinu fyrir sjúkratryggða einstaklinga (hér eftir nefndir dvalargestir), sem þurfa heilsu sinnar vegna að dvelja fjarri heimili sínu vegna rannsókna og/eða meðferðar en þurfa ekki á sjúkrahúsdvöl að halda. Dvalargestur getur ekki verið innritaður á sjúkrahús á sama tíma og hann dvelur á gististað.

Markmið með samningi þessum er að tryggja aðgengi að heilbrigðisþjónustu.

Rekstaraðilar gististaða sem vilja gerast aðilar að samningnum, skulu senda um það erindi til SÍ. Með erindinu skulu fylgja upplýsingar sem tilgreindar eru í *fylgiskjali I*. Erindum skal almennt svarað innan mánaðar frá því þau berast SÍ ásamt öllum nauðsynlegum gögnum. Í svari SÍ skal koma fram hvort og þá hvenær heimilt er að veita þjónustu samkvæmt samningnum og fjöldi samþykkrar gistingu tilgreindur.

## 2. gr.

### Skyldur verksala, húsnæði og aðbúnaður

Verksali skal á samningstímanum uppfylla þær kröfur sem lýst er í *fylgiskjali II, Kröfulýsing SÍ um gististaði á höfuðborgarsvæðinu*, og telst hún hluti af samningi þessum.

Verksali veitir þeim dvalargestum gistingu og hótelpjónustu sem hafa skriflega beiðni frá lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður og uppfylla skilmerki og ábendingar fyrir dvöl, sbr. fylgiskjal IV, og eru sjúkratryggðir skv. lögum nr. 112/2008 um sjúkratryggingar eða slysatryggðir skv. lögum nr. 100/2007 um almannatryggingar.

Verksali skal setja upp gjaldskrá og hafa gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir dvalargesti.

Verksali hefur heimild til að stunda aðra starfsemi, s.s. gistingu og hótelpjónustu, við hlið þeirrar starfsemi sem samningur þessi tekur til án sérstakrar heimildar SÍ. Þó verður verksali að gæta að því að sú starfsemi skaði ekki á neinn hátt þá þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum.

**3. gr.**  
**Heilbrigðisþjónusta**

Dvalargestir skulu eiga þess kost að fá heilbrigðisþjónustu eins og veitt er einstaklingum í heimahúsum.

Heilbrigðisþjónusta sem veitt er dvalargestum er ekki á ábyrgð verksala.

**4. gr.**  
**Umfang og greiðslur**

Heildarframboð gistinátta skv. samningi þessum er 5.445 gistinætur (frá 1. júní 2016 til 30. apríl 2017). Með gistinótt er átt við sólarhringsdvöl dvalargests. Miða skal við að sólarhringsdvöl hefjist kl. 12:00 á hádegi.

Fyrir umsamda þjónustu greiðir dvalargestur gjald skv. 8. tl. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, sbr. reglugerð um gjald fyrir dvöl á sjúkrahótelum, nú reglugerð nr. 207/2010. Þeim hluta greiðslu sem SÍ ber að greiða skal verksali aldrei veita viðtöku úr hendi hins sjúkratryggða.

Fyrir umsamda þjónustu greiða SÍ það sem á vantar að greiðsla dvalargests nemi fullri þóknun. Full þóknun fyrir hverja gistinótt er kr. 19.900,- með vsk. Yfir sumartíma er greitt 30% álag ofan á fulla þóknun, og er verð fyrir hverja gistinótt þá alls kr. 25.870,- með vsk. Full þóknun inniheldur allan kostnað og gjöld sem hljóta vegna verksins, hverju nafni sem þau nefnast, þar með talinn rekstrarkostnað.

Gera má ráð fyrir að þörf fyrir fjölda gistinátta sé minni yfir sumartímamann samhliða minni starfsemi hjá veitendum heilbrigðisþjónustu. Yfir vetrartímamann eykst aftur á móti þörfin. Heildarframboð og dreifing að lágmarki og hámarki er í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tímabil	Lágmarksfjöldi gistinátta	Lágmarksfjöldi / dag	Hámarksfjöldi gistinátta	Hámarksfjöldi / dag
Sumartími*	276	3	828	9
Vetrartími**	1.458	6	4.617	19
<b>Heildarframboð</b>	<b>1.734</b>		<b>5.445</b>	

\*Sumartími: júní, júlí og ágúst.

\*\*Vetrartími: janúar, febrúar, mars, apríl, september, október, nóvember og desember.

Með samþykki SÍ fyrir aðild að samningi þessum staðfestir verksali tiltekið lágmarkframboð og hámarksframboð gistinátta yfir sumartíma og yfir vetrartíma sem rúmast innan heildarframboðs skv. 1. mgr., að teknu tilliti til staðfest framboðs annarra verksala. Greiðsla SÍ fyrir veitta þjónustu er annars vegar föst mánaðarleg fyrirframgreiðsla og hins vegar breytileg greiðsla eftir hvern mánuð. Breytilega greiðslan miðast við verðlagningu gistinátta, sbr. 3. mgr., og fjölda gistinátta dvalargests skv. samningi þessum, allt að staðfestu hámarksframboði verksala. Fasta greiðslan er 30% af útreiknaðri greiðslu fyrir fulla nýtingu gistinátta skv. staðfestingu SÍ á hámarksfjölda gistinátta verksala og kemur til frádráttar breytilegu greiðslunni í uppgjöri eftir hvern mánuð. Verksali skal dreifa framboði gistinátta skv. staðfestingu SÍ sem jafnast yfir hvert tímabil.

**5. gr.**  
**Greiðslutilhögun**

Reikningar skulu uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Reikningar skulu berast SÍ rafrænt með 15 daga fyrirvara miðað við mánaðarmót skv. færslulýsingu SÍ.

SÍ greiða reikninga inn á bankareikninga verksala fyrsta virka dag hvers mánaðar séu reikningar athugasemdalausir.

Beiðni, gerð af lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður, skal fylgja reikningi til SÍ.

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á fylgiskjali með reikningi:

- nafn og kennitala dvalargests,
- Innritunardagur, útskriftardagur og fjöldi gistinátta.

SÍ geta hvenær sem er óskað skýringa á reikningi og ber reikningseiganda að gefa þær. Meðan ekki hefur fengist skýring er heimilt að:

- greiða reikning með fyrirvara.
- hafna greiðslu reiknings.

Rafræn samskipti aðila og varðveisla gagna skulu fara eftir ákvæðum laga um bókhald nr. 145/1994.

**6. gr.**  
**Ábyrgð og tryggingar**

Verksali ber ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með töldum verkum undirverktaka ef um þá er að ræða og auk þess tjóni er SÍ eða þriðji aðili kann að verða fyrir við framkvæmd þess. Verksali skal hafa allar lögboðnar tryggingar. Verksali skal afhenda SÍ afrit af öllum tryggingarskírteinum og greiðslukvittunum fyrir iðgjöld, verði þess óskað.

**7. gr.**  
**Samskipti á samningstíma**

SÍ skipa fulltrúa til að annast samskipti við verksala á samningstímanum. Hlutverk hans verður að hafa eftirlit með því, fyrir hönd SÍ, að verkefnið sé framkvæmt samkvæmt ákvæðum samningsins.

Verksali eða SÍ geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál varðandi samninginn og samskipti bæði innbyrðis og við dvalargesti.

**8. gr.**  
**Framsal**

Verksala er óheimilt, án skriflegs samþykkis SÍ, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Ef verksali fær slíka heimild, breytast í engu skyldur verksala gagnvart SÍ.

**9. gr.**  
**Þagnarskylda**

Verksali og allir starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samnings þessa og leynt á að fara. Þagnarskylda helst þótt verksali framselji einstaka þjónustuliði til undirverktaka og eftir að samningi þessum lýkur.

**10. gr.**  
**Eftirlit**

Í samræmi við 1. mgr. 45. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar skulu SÍ hafa eftirlit með starfsemi samningsaðila sem miðar að því að tryggja að tegundir, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Eftirlit SÍ getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við verksala og heimsóknum á gistaðaði. Verksala er skylt að veita SÍ þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar vegna greiðslna skv. samningi þessum og vegna eftirlitshlutverks stofnunarinnar.

**11. gr.**  
**Vanefndir**

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að verksali uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum hafa SÍ heimild til að rifta aðild verksala að honum og heimta bætur fyrir fjártjón sem viðkomandi verksali hefur valdið. Sé um misferli að ræða, geta SÍ fyrirvaralaust sagt upp samningnum gagnvart viðkomandi verksala.

Með sama hætti skal verksala heimilt að rifta aðild sinni að samningi þessum gagnvart SÍ ef verulegur misbrestur verður á því að stofnunin uppfylli skyldur sínar skv. honum. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningssambandi aðila lýkur.

Komi til bótakröfu SÍ á hendur verksala er viðurkenndur réttur stofnunarinnar til að annast einnig kröfu vegna greiðsluhluta dvalargests.

**12. gr.**  
**Lok starfsemi**

Einstakir verksalar, sem ekki vilja lengur starfa samkvæmt rammasamningi þessum, skulu tilkynna það skriflega til SÍ með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Heimilt er að semja um styttri uppsagnarfrest.

SÍ er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart einstökum verksöllum, sem uppfylla ekki skyldur sínar skv. samningnum.

**13. gr.**  
**Dómsmál**

Rísi mál út af samningi þessum má leggja það fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**14. gr.**  
**Gildistími og endurskoðun**

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2016 til og með 30. apríl 2017. Hann öðlast þó ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur af heilbrigðisráðherra. Hann er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við mánaðamót.

**15. gr.**  
**Fyrirvarar**

Fjárhæðir í samningi þessum eru settar fram með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum og með fyrirvara um að stjórnvöld kunni að ákveða aðrar viðmiðanir við undirbúning fjárlaga vegna aðstæðna í ríkisfjármálum á hverjum tíma.

Þannig verður heimilt að gera ráð fyrir aðhaldi eða hagræðingu í rekstri þeirra verkefna sem samningurinn tekur til taki stjórnvöld ákvörðun um það við gerð fjárlaga, enda lækki kröfur um afköst á móti.

Verði farið í sparnaðaraðgerðir skal leitast við, eins og unnt er, að breytingarnar verði sem minnst íþyngjandi fyrir dvalargesti og að eðlilegur aðlögunartími, a.m.k. tveir mánuðir, sé gefinn áður en slíkar breytingarnar ganga í gildi.

Sí er heimilt að takmarka framboð gistinátta með hliðsjón af fjárveitingu til verkefnisins en veita skal verksala hæfilega aðlögun, a.m.k. tvo mánuði, vegna slíkra ákvarðana.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Reykjavík, 17. maí 2016

Staðfesting heilbrigðisráðherra

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

*Gudlaug Þjórsdóttir*  
*Katla Hjörleifsdóttir*

*Kristján Þórnason*

## **Ósk um aðild að rammamningi**

Rekstraraðilar gististaða sem óska eftir að gerast aðilar að rammamningnum skulu senda eftirfarandi upplýsingar til SÍ:

- Staðfesting á fjölda gistingu. Á staðfestingu skal koma fram framboð á fjölda gistingu yfir sumartíma og yfir vetrartíma, sbr. töflu í 4. gr. samnings.
- Upplýsingar um rekstraraðila, starfsemi og staðsetningu.
- Upplýsingar um hvenær rekstraraðili hyggst hefja starfsemi skv. samningi.
- Afrit af starfsleyfi og rekstrarleyfi fyrir hótél- og veitingarekstri.



## **Kröfulýsing**

### **fyrir gististaði á höfuðborgarsvæðinu**

Í þessum kafla er að finna kröfulýsingu Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) fyrir gististaði á höfuðborgarsvæðinu fyrir sjúkratryggða einstaklinga (dvalargesti) sem þurfa gistingu og hótelpjónustu.

Í kröfulýsingunni eru settar fram almennar kröfur til gististaða fyrir dvalargesti sem þurfa heilsu sinnar vegna að dvelja fjarri heimili sínu vegna rannsókna og/eða meðferðar, en þurfa ekki á sjúkrahúsdvöl að halda. Dvalargestur á gististað getur ekki verið innritaður á sjúkrahús á sama tíma og hann dvelur á gististað.

Kröfulýsingin er sett fram sem kröfuskjal með rammasamningi fyrir gististaði á höfuðborgarsvæðinu og er lögð til grundvallar þegar SÍ eða fulltrúar hans gera úttektir á framkvæmd hans.

### **Skipulag þjónustunnar**

Skipulag, veiting og umfang þjónustunnar skal vera í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga sem eiga við reksturinn.

Verksali skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til almennra þátta í hótél- og veitingarekstri, sbr. lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007. Verksali skal hafa gilt starfsleyfi og rekstrarleyfi fyrir hótél- og veitingarekstri

Innifalið vegna kaupa á gistingu og hótelpjónustu skal vera fullt fæði og allt það sem tekur til almennra þátta hótélrekstrar og þjónustu, þ.m.t. kostnaður vegna starfsfólks sem sinnir almennri þjónustu, til að mynda stjórnun, starfsfólk í móttöku, sínavörslu, næturvörslu og annarri húsvörslu. Umbeðin þjónusta tekur einnig til kostnaðar vegna starfsfólks í eldhúsi, við uppvaskei, í þvottahúsi, kostnaðar vegna starfsfólks sem annast almenn þrif, umbúnað rúma og tiltekt á herbergjum og sameiginlegum rýmum o.fl.

### **Heimasíða gististaðar**

Verksali skal hafa heimasíðu á veraldavefnum. Á heimasíðunni skulu birtast almennar upplýsingar um gististaðinn, s.s. aðgengi, bókanir og upplýsingar um þá þjónustu sem í boði er. Á síðunni skal jafnframt birta þjónustusímanúmer, gjaldskrá og upplýsingar um hvernig bókanir um dvöl fara fram.

### **Bókanir og forsenda fyrir dvöl á gististað**

Beiðni um dvöl er forsenda fyrir dvöl á gististað verksala. Verksali skal vera með hótélbókunarkerfi sem tekur við bókunum frá dvalargestum. Bókunarkerfið og uppsetning þess skal vera á kostnað verksala. Uppsetning skal þó gerð í samráði við SÍ. Með skráningu inn í bókunarkerfið geta dvalargestir bókað dvöl og tiltekið lengd dvalar.

Beiðnin skal fylgja reikningi til SÍ.

Hámarksdvalartími skv. hverri beiðni er 21 dagur. SÍ geta þó veitt undanþágu í einstökum tilvikum, skv. beiðni frá lækni, ljósmóður eða hjúkrunarfræðingi.

## **Dvalargestir. Skilmerki og ábendingar**

Dvalargestir sem dvelja á gististað skulu uppfylla skilmerki og ábendingar fyrir dvöl.

Dvalargestir skulu vera sjálfbjarga með að komast fram úr rúmi og eiga sjálfir að geta séð um allar athafnir daglegs lífs.

Dvalargestir þurfa að hafa með sér öll hjálpartæki sem þeir þurfa að nota svo sem hjólastóla, göngugrindur og hækjur.

Dvalargestir sem dvelja á gististað skulu eiga þess kost að fá heilbrigðisþjónustu eins og veitt er einstaklingum í heimahúsum.

Dvalargestir sem þess þurfa er heimilt að hafa aðstandanda eða fylgdarmann með sér í sama herbergi. Hafa skal gildandi gjaldskrá til sýnis fyrir aðstandendur og fylgdarmenn.

## **Aðbúnaður og stærð herbergja**

Herbergi skulu vera einstaklings- eða fjölskylduherbergi. Hvert herbergi skal hafa baðherbergi og vera a.m.k. 16 fm<sup>2</sup> að stærð að meðtöldu baðherbergi. Herbergi skulu hafa sólargluggatjöld sem taka birtu, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Herbergi skulu hafa einstaklingsrúm sem eru a.m.k. 90 cm. breið og 200 cm. löng, náttborð, tvo stóla og borð til að sitja við, leslampa, fataskáp, góð lesljós við rúm, sjónvarp, síma, nettengingu, ísskáp, læst öryggishólf og gott aðgengi fyrir hjálpartæki t.d. göngugrindur. Möguleiki skal vera til staðar að geta komið fyrir öðru einstaklingsrúmi/bedda sem er a.m.k. 90 cm. breitt og 200 cm. langt ef dvalargestur hefur fylgdarmann með sér.

Baðherbergi skal vera fullbúið með sturtu. Á hverju baðherbergi skal jafnframt vera stuðningsarmur/armar við salerni, stuðningsarmur við sturtu og gott aðgengi fyrir hjálpartæki t.d. göngugrindur. Sturta skal vera þrepalaus. Baðherbergi skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.

## **Aðbúnaður og stærð herbergja fyrir fatlaða og hreyfihamlaða**

Herbergi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða skulu vera einstaklings- eða fjölskylduherbergi. Verksali skal geta boðið upp á a.m.k. eitt herbergi sem er sérhannað fyrir fatlaða og hreyfihamlaða. Hvert herbergi skal hafa baðherbergi og vera a.m.k. 22 fm<sup>2</sup> að stærð að meðtöldu baðherbergi. Hindrunarlaust snúningssvæði skal vera í herberginu. Herbergi skulu hafa sólargluggatjöld sem taka birtu, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt. Herbergi skulu hafa einstaklingsrúm sem eru a.m.k. 90 cm. breið og 200 cm. löng, náttborð, stól og borð til að sitja við, leslampa, fataskáp, góð lesljós við rúm, sjónvarp, ísskáp, læst öryggishólf, síma, nettengingu og gott aðgengi fyrir hjálpartæki t.d. göngugrindur eða hjólastóla. Möguleiki skal vera til staðar að geta komið fyrir öðru einstaklingsrúmi/bedda sem er a.m.k. 90 cm. breitt og 200 cm. langt ef dvalargestur hefur fylgdarmann með sér.

Baðherbergi skal vera fullbúið með sturtu. Gunnflötur baðherbergis skal vera þannig skipulagður að hægt sé að koma við hindrunarlausu snúningssvæði framan við salerni og sturtu. Á hverju baðherbergi skal jafnframt vera tveir stuðningsarmar við salerni og einn stuðningsarmur við sturtu þannig að auðvelt sé að athafna sig í og úr hjólastól. Á baðherbergi skal vera sturta þar sem auðvelt er að renna inn sturtustól/baðstól. Sturta skal vera þrepalaus. Hurð skal opnast út eða vera rennihurð. Baðherbergi skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.



## **Almennt um aðgengi og þjónustu**

Móttaka skal vera í anddyri eða við aðalinngang. Móttaka skal vera mönnuð allan sólarhringinn a.m.k. einum starfsmanni. Móttaka skal taka við bókunum og greiðslum fyrir dvöl og veita dvalargestum upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði á gististaðnum.

Gott aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða skal vera tryggt á gististaðnum. Lyfta skal vera til staðar. Huga skal sérstaklega að þörfum fatlaðra, hreyfihamlaða og aldraðra með hjálpartæki við útbúnað húsnæðis og merkingar.

Á lóð skal vera greið aðkoma fyrir bíla. Bílastæði merkt fyrir fatlaða skulu vera a.m.k. eitt við inngang.

## **Fæði.**

Verksali skal sjá dvalargestum fyrir fullu fæði og aðstöðu í borðstofu til að matast á. Fullt fæði telst vera morgunverður, heit máltíð í hádeginu, eftirmiðdagskaffi, kvöldverður (ýmist heit eða köld máltíð) og kvöldhressing. Tími milli máltíða, frá morgni til kvölds, skal að jafnaði vera 3-4 klst. og tíminn frá kvöldhressingu til morgunverðar má ekki vera lengri en 11 klst. Samsetning fæðis skal taka mið af markmiðum manneldisráðs. Verksali skal huga að næringargildi og samsetningu máltíða. Verksali skal sjá til þess að gestir sem þurfa sérþæði svo sem vegna sjúkdóms fái fæði við sitt hæfi.

Framleiðsla og framreiðsla fæðis skal vera á kostnað verksala. Framreiðsla matar skal öll fara fram í matsal gististaðar. Starfsfólk sem framreiðir mat skal tala íslensku og tileinka sér faglega framkomu sem samræmist þörfum þeirra sem dvelja á gististaðnum.

Dvalargestir sem þurfa sérþæði svo sem vegna sjúkdóms skulu fá fæði við sitt hæfi. Verksali skal þá útvega sérþæði með aðra næringarsamsetningu.

## **Ræsting og persónuleg þrif á fatnaði**

Verksali skal sjá um að halda húsnæði gististaðar hreinu með reglubundinni ræstingu, hreingerningum og öðrum verkum sem falla undir þrif húsnæðis. Skolvatni frá ræstivinnu skal hella niður í ræstivask en aldrei salernisskálar. Gera skal skriflega hreinlætisáætlun og framfylgja henni. Áætlunin skal ná til allra rýma gististaðarins og taka mið af starfsleyfisskilyrðum. Allt skipulag ræstingar þarf að vera með þeim hætti að sem minnst ónæði hljótist af fyrir dvalargesti.

Verksali skal veita dvalargestum þjónustu við þrif á persónulegum fatnaði. Heimilt er að setja upp sérstaka gjaldskrá vegna þessa.

## **Undirverktakar**

Verksali skal upplýsa hvaða hluta þjónustunnar hann hyggst láta þriðja aðila framkvæma sem undirverktaka og skulu þær upplýsingar liggja fyrir áður en samningur er undirritaður. Verksali skal jafnframt upplýsa SÍ um hvaða undirverktaka hann hyggst nota og leita samþykkis SÍ áður en undirverktaki hefur störf. Upplýsingar verksala um undirverktaka skulu ekki hafa áhrif á ábyrgð verksala gagnvart SÍ. Undirverktaka skal í öllum tilvikum byggjast á skriflegum verksamningi.

## **Þagnarskylda**

Verksali og allir starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd þjónustunnar.

## Fylgiskjal A

sýnishorn af beiðni sem fer inn í Gagnagátt SÍ



### Beiðni um gistingu og hótelpjónustu á höfuðborgarsvæðinu, fyrir sjúkratryggða einstaklinga

Beiðni þessari skal framvísað á gististað\*

Dagsetning beiðni:	Komudagur:	Brottför:
1. Nafn dvalargests:	2. Kennitala:	
3. Heimilisfang:	4. Póstnúmer:	5. Sveitarfélag:

6. Beiðni kemur frá: <input type="checkbox"/> Lækni <input type="checkbox"/> Hjúkrunarfræðingi <input type="checkbox"/> Ljósmóður	
7. Nafn beiðanda:	8. Kennitala beiðanda:
9. Stofnun/vinnustaður:	

10. Undirskrift beiðanda:
---------------------------

Útgefandi beiðni staðfestir með undirskrift sinni að dvalargestur uppfylli öll eftirfarandi skilmerki og ábendingar fyrir dvöl:

- Dvalargestir sem dvelja á gististað skulu vera sjálfbjarga með að komast fram úr rúmi og eiga sjálfir að geta séð um allar athafnir daglegs lífs (ADL).
- Ástand dvalargests skal vera nægjanlega stöðugt til að tryggja dvöl hans með öruggum hætti.
- Dvalargestur þarf ekki á sjúkrahúsdvöl að halda en vegna heilsu sinnar þarf hann að dvelja fjarri heimili sínu vegna rannsókna og/eða meðferðar.

Hægt er að synja dvalargestum og öðrum um dvöl uppfylli þeir ekki ofangrein skilmerki og ábendingar fyrir dvöl.

Dvalargestur getur ekki verið innritaður á sjúkrahús á sama tíma og hann dvelur á gististað.

Frábendingar fyrir dvöl eru a.m.k. eitt af eftirtöldu:

- Geðræn einkenni þar sem viðkomandi hefur sýnt af sér ofbeldi eða hvers kyns ógnandi hegðun.
- Virk áfengis- og/eða vímuefnaneysla.
- Húsnæðisleysi sem ein forsenda fyrir dvöl.

**Beiðnin er forsenda greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands og nauðsynlegt er að framvísa henni við innritun á gististað.**

**\*Gististaður verður að vera skráður á rammasamning SÍ um kaup á gistingu og hótelpjónustu á höfuðborgarsvæðinu.**

## **Verklag. Beiðni og bókanir**

### **Beiðni**

Beiðni um dvöl skal vera skrifleg frá lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður.

Beiðni um dvöl er útfyllt á sérstöku rafrænu eyðublaði í Gagnagátt Sjúkratrygginga Íslands eða í rafrænu kerfi Sögu. Skal dvalargestur afhenda beiðni verksala við innskráningu.

Útgefandi beiðni staðfestir með undirskrift sinni að dvalargestur uppfylli skilmerki og ábendingar fyrir dvöl.

Hámarksdvalartími skv. beiðni er 21 dagur. Undanþága er veitt í einstökum tilvikum skv. beiðni.

### **Bókun**

Við bókun kemur svar frá verksala, strax, um hvort það sé laust pláss.

Við bókun skal gefa upp greiðslukortanúmer/kreditkortanúmer þess aðila sem tryggir greiðslu dvalargests fyrir dvöl.

Við innritun á gististað skal dvalargestur framvísa beiðni.

Dvalargestur skal afbóka dvöl með minnst 12 tíma fyrirvara (í síðasta lagi fyrir miðnætti daginn áður) til að hann komist hjá greiðslu fyrir dvöl í eina gistinótt, sbr. reglugerð um gjald fyrir dvöl á sjúkrahótel, nú reglugerð nr. 207/2010. Hægt er að afbóka símleiðis.



## **Skilmerki og ábendingar fyrir dvöl á gististað**

Beiðni um dvöl skal koma frá lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður.

Útgefandi beiðni staðfestir með undirskrift sinni að dvalargestur uppfylli öll eftirfarandi skilmerki og ábendingar fyrir dvöl:

1. Dvalargestir sem dvelja á gististað skulu vera sjálfbjarga með að komast fram úr rúmi og eiga sjálfir að geta séð um allar athafnir daglegs lífs (ADL).
2. Ástand dvalargests skal vera nægjanlega stöðugt til að tryggja dvöl hans með öruggum hætti.
3. Dvalargestur þarf ekki á sjúkrahúsdvöl að halda en vegna heilsu sinnar þarf hann að dvelja fjarri heimili sínu vegna rannsókna og/eða meðferðar.

Hægt er að synja dvalargestum og öðrum um dvöl uppfylli þeir ekki ofangrein skilmerki og ábendingar fyrir dvöl.

Dvalargestur getur ekki verið innritaður á sjúkrahús á sama tíma og hann dvelur á gististað.

Frábendingar fyrir dvöl eru a.m.k. eitt af eftirtöldu:

- Geðræn einkenni þar sem viðkomandi hefur sýnt af sér ofbeldi eða hvers kyns ógnandi hegðun.
- Virk áfengis- og/eða vímuefnaneysla.
- Húsnæðisleysi sem ein forsenda fyrir dvöl.